

Námsvísir 2019-2020

Fag: Smíði

Kennari: Katrín Benediktsdóttir

Tímafjöldi á viku: Kennt er í lotum þar sem nemendur koma tvisvar yfir skólaárið í 8 skipti þar sem hvert skipti er tvær kennslustundir.

Bekkur: 1.-4. bekkur

Kennsluaðferðir og skipulag: Smíði í 1.-2.bekk fer fram í smíðarými á efri hæði Íþróttahússins, 3.-4. bekkur er í smíðastofu skólans á Þverbraut sem er í ca 800 metra fjarlægð. Lögð er áhersla á einföld verkefni

Í smíðatímum fer fram verkleg kennsla, bókleg kennsla og sýnikennsla. Lagt er upp úr umræðum nemendanna um námsefnið og hópvinna. Einnig er lögð áhersla á að nemendur geti unnið sjálfstætt og vinni með gleði og jákvæðu hugarfari.

Einstaklingsnámskrár og/eða aðlagð námsefni/námsmat:

Grunnþættir menntunar

- Að kynnast smíðastofunni og helstu eiginleikum hennar
- Að kynnast helstu smíðaverkfærum og fá að prófa þau
- Að virkja sköpunarþörf sína og koma hugmyndum sínum í sýnilegt form með eigin aðferðum.
- Að njóta leikgleðinnar og miðla hugmyndum sínum með öðrum og ræða þær.
- Að fá að sýna öðrum hæfni sína til smíða og sköpunar.

Grunnþáttur

Heilbrigði og velferð

Áhersluþættir

Áhersla á rétta líkamsstöðu og kynnast búnaði smíðastofunnar, réttri beitingu verkfæra, ásamt því að gera sér grein fyrir þeirri

| | |
|--------------------------------|--|
| | ógn sem getur stafað af verkfærnum séu þau ekki notuð rétt. Nærumhverfið |
| Jafnrétti | Allir fá sömu tækifæri, sömu aðstöðu og geta valið samskonar efni. |
| Lýðræði og mannréttindi | Hver og einn fær að stjórna sínu verkefni og ræða það við alla sem heyra vilja |
| Læsi | Að lesa eiginleika mismunandi efna og skynja áhrif þess að beita verkfærum á þau. Að læra nöfn verkfæra og hvernig nafnið tengist vinnslu verkfærisins Náttúrulæsi |
| Sjálfbærni | Leitast er við að nota afgangsfni frá öðrum eða afsög af skógarefni sem falla til, virðing fyrir umhverfi, gróðursetja tré. |
| Sköpun | Hver nemandi skapar sinn eigin smíðisgrip eins og hann sér hann með eigin augum. Uppgötva, örva forvitni, virkja ímyndunaraflíð. |

Áætlun

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat | Annað t.d. hvað gekk vel/hefði mátt betur fara | Kennslu- / námsaðferðir |
|-----------------|---|---|--|--|---|
| Handverk | Möguleikar smíðastofunnar og helstu verkfæra. Útfærsla eigin hugmynda. Samræður við kennara og samnemendur, | <ul style="list-style-type: none"> valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt, gert grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með. | Áhugi og hæfni nemanda, verklag og samskiptahæfni. Afurð metin að smíði lokinni miðað við atgervi nemanda. | | Sýnikennsla og umræður, prófanir og æfingar. Lögð er áhersla á að allir sjái afrakstur verkanna og tilgang með því sem gert er. |

| | | | | | |
|------------------------|--|---|---|--|--|
| | <p>fura, krossviður og efni úr skóginum. Verkfæri og áhöld smíðastofunnar Bækur og blöð um hönnun og smíði</p> | | <p>Matið byggist á: Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áherslupáttum grunnskólalaga: Abyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið. Form og tíðni námsmats: Símat á ástundun, verkfærni og árangri</p> | | <p>Bein kennsla, undirbúningur verkferla, úrvinnsla hugmynda og verklegar æfingar í beitingu verkfæra samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla 2013.</p> |
| Hönnun og tækni | | <ul style="list-style-type: none"> • dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til | | | |

| | | | | | |
|-----------------|--|---|--|--|--|
| | | <p>að útskýra hugmyndir sínar,</p> <ul style="list-style-type: none"> • unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit, • framkvæmt einfaldar samsetningar, • sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virkniþætti í smíðisgripum, s.s. vogarafl, gorma og teygjur, • bent á ýmis tæknifyrbrigði er tengjast hans daglega lífi, • greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir. | | | |
| Umhverfi | | <ul style="list-style-type: none"> • valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi, • sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með, • beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar. | Leiðsagnarmat fer fram jafnóðum. Við námsmat er tekið tillit til eftirfarandi þátta: virkni í tímum, umgengni um stofuna og frágang. | | |

